



Morgunverðarfundur um almenningssamgöngur 13. apríl sl. Pallborðsumræður. Frá vinstri: Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra, Hreinn Haraldsson vegamálastjóri, Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi í Reykjavík og formaður samgönguráðs, Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri Seltjarnarness og formaður stjórnar SSH (Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu), Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri Hveragerðis og Reynir Jónsson framkvæmdastjóri Strætó BS.

Tíu milljarðar á 10 árum til almenningssamgangna frá ríkinu

Þessi frétt birtist á vegagerdin.is 13.04.2011

Innanríkisráðherra Ögmundur Jónasson kynnti á morgunverðarfundum um almenningssamgöngur að samgönguráð legði til að ríkið setti tíu milljarða króna á tíu árum í tilraunverkefni á mót framlagi sveitarfélaga. Þannig rynni einn milljarður króna frá ríkinu árlega til verkefnisins sem yrði síðan endurmetið á tveggja ára fresti.

Um er að ræða almenningssamgöngur í þéttbýli. Ríkið hefur lítið sem ekkert komið að þeim þætti en hinsvegar hefur verið veittur styrkur til almenningssamgangna á landsbyggðinni, til ferja, vegna sérleyfa og til flugs eða sem nemur um 10 prósentum af fé til vegamála. Tillagan gengur út á að stórframkvæmdum í annarri vegagerð á höfuðborgarsvæðinu verði frestað.

Fundurinn var haldinn 13. apríl og var mjög vel sóttur af ríflega 100 manns.

Ögmundur sagði að tilraunaverkefnið, ef af yrði, sneri að

samgöngum á höfuðborgarsvæðinu og alls suðvesturhorns landsins. Hann hefði trú á því að þetta myndi ganga en tilgangurinn væri að gera almenningssamgöngur greiðari, hagkvæmari og sjálfbærari.

Starfshópur innan samgönguráðs hefur unnið að þessum tillögum sem eru um grunnnet almenningssamgangna og hjólreiða, þannig að þar sé að finna svipað grunnnet og varðandi vegi, hafnir og flugvelli. Fram kom í máli Þorsteins Rúnars Hermannssonar samgönguverkræðings að grunnetið á suðvesturhorni landsins ætti að tengja saman sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og borgarhverfi með 10 þúsund íbúa eða meira. Netið yrði samtengt öðrum samgöngumátum, flugi og höfnum og tengdist einnig almenningssamgöngum við Árborg, Akranes og Reykjanesbæ.


Hann nefndi einnig að til að efla almenningssamgöngur þarf hvort tveggja fjármuni og úthald, skammtímahugsun skilaði

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 5. tbl. 19. árg. nr. 561 18. apríl 2011

Ritsjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.



framhald af forsiðu sjaldnast miklu. Í því sambandi hefði verið rætt að hluti kolefnisgjalds rynni til almenningsamgangna og að sama skapi yrði endurgreiðsla olúgjalds hætt.

Hreinn Haraldsson vegamálastjóri fór á fundinum yfir það hvað snýr að Vegagerðinni og er styrkt í dag. Vegagerðin hefur umsjón með ríkisstyrktu almenningsamgöngunum þ.e.a.s. sérleyfum á landi, styrktum ferjulestri og styrktu áætlanarflugi. Fram kom í máli Hreins að stór hluti þeirra styrktu ferða sem eru í boði væru lítið nýttar af almenningi. Í ljós hefði komið við greiningu á 40 sérleiðum á landi að það hefðu verið færri en þrír farþegar í hverri ferð á 30 leiðum og færri en einn farþegi í ferð á tíu leiðum. Nýtingin á styrktum flug- og ferjuleiðum er betri en eigi að síður langt undir flutningsgetu.

Þá sagði Hreinn að ríkissjóður hefði styrkt almenningsamgöngur um frá 1.200 til 1.500 milljóna króna á ári síðastliðin þrjú ár auk um 140 milljóna króna styrk með niðurfellingu olúgjalds vegna almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Í pallborðsumræðum og fyrirspurnum fundarmanna kom almennt fram ánægja með að verja ætti þetta miklu fé á tíu árum í tilraunverkefnið til að efla almenningsamgöngur. ■

Styrktar áætlunarferðir
 Ferðafjöldi, farþega fjöldi 2010
 Sérleyfisakstur Ferjur Áætlunarflug
 1. jan. - 31. júlí

Skýringar 11.04.2011 VAI

- Þéttbýlisstaðir með yfir 200 íbúa
- Minni endastöðvar

Efri tala: ferðafjöldi
 Neðri tala: farþega fjöldi

- Ferjur
- Áætlunarflug
- Sérleyfisakstur

Framkvæmdir 2011

sem nú í gangi
og væntanleg útboð

Vestfjarðavegur (60),
Breiðadals-
og Botnsheiðargöng,
endurbætur á rafbúnaði

Ríkisstjórnin hefur lagt til 350 m.kr. sem sérstaklega eru ætlaðar til framkvæmda á Vestfjörðum á þessu ári. Nú er verið að skoða hvernig hægt er að nýta þetta fjármagn með sem bestum hætti.

Vestfjarðavegur (60),
Kjálkafjörður - Eiði
Strandavegur (643),
Djúpvegur -
Drangsnesevegur

Vestfjarðavegur (60),
um Skálanes

Vestfjarðavegur (60),
í Saurbæ
styrkingar og endurbætur

Snæfellsnesvegur (54),
um Haffjarðará

Hringvegur (1),
um Borgarfjarðarbrú
vegrið

Hringvegur (1), tvöföldun
Hafravatnsvegur - Þingvallavegur
Verklok 2011

Hringvegur (1), tvöföldun
Fossvellir - Draugahlíðar
Verklok 2011

Höfuðborgarsvæði
verkefni til að bæta umferðarflæði
og umferðaröryggi

Reykjanesbraut (41),
undirgöng við Straumsvík

Reykjanesbraut (41),
undirgöng við Grænás

Suðurstrandarvegur (427)
Ísólfskáli -
Krýsuvíkurvegur
Verklok 2012

Suðurstrandarvegur (427)
Krýsuvíkurvegur
- Þorlákshafnarvegur
Verklok 2011

Uxahryggjarvegur (52)
„bundið slitlag
á umferðarminni vegi“

Laugarvatnsvegur (37)
Skillandsá - Hólabrekka
breikkun og styrking
Verklok 2011

Biskupstungnabraut (35)
Reykjavegur - Bræðratunguvegur
breikkun og styrking
Verklok 2011

Bræðratunguvegur (359)
Flúðir - Tungufljót
Verklok 2011

Skeiðháholtsvegur (321)
Blesastaðavegur (3275)
„bundið slitlag
á umferðarminni vegi“

Dyrhólavegur (218)
bundið slitlag
á umferðarminni vegi

Reykjabraut (724)
„bundið slitlag
á umferðarminni vegi“

Ólafsfjarðarvegur (82)
snjóflóðavarnir
við Sauðanes

Hringvegur (1),
í Hörgárdal
styrkingar og endurbætur

Hringvegur (1),
um Blönduhlíð
styrkingar
og endurbætur

Hringvegur (1)
Hnausakvísl - Stóra-Giljá
breikkun og styrking
Verklok 2011

Hringvegur (1),
ofan Fornahvams
styrkingar og endurbætur

Dagverðareyrrarvegur (816)
„bundið slitlag
á umferðarminni vegi“

Hringvegur (1),
í Hörgárdal
styrkingar og endurbætur

Finnastaðavegur (824)
„bundið slitlag
á umferðarminni vegi“

Grjótagjárvegur (860)
„bundið slitlag
á umferðarminni vegi“

Dettifossvegur (862)
Hringvegur - Dettifoss
Verklok 2011

Hringvegur (1)
um Ystu-Rjúkandi
Verklok 2011

Hringvegur (1)
Litla Sandfell - Haugaá
Verklok 2011

Upphéraðsvegur (931)
„bundið slitlag
á umferðarminni vegi“

Múlavegur í Fljótsdal (934)
Langhús - Glúmsstaðir II
Verklok 2011

Norðausturvegur (85)
Bunguflói - Vopnafjörður
Verklok 2012

Mjóafjarðarvegur (953)
„bundið slitlag
á umferðarminni vegi“

Nokkur verk eru merkt hér með „bundið slitlag á umferðarminni vegi“. Þau eru unnin fyrir fjárveitingu í vegáætlun sem ætluð er til styrkingar og lagningar bundins slitlags á umferðarlitla tengivegi. Fyrir liggja verklagsreglur um hvernig staðið verður að því að leggja bundið slitlag á þessa vegi. Þeir eru oft með takmarkað burðarþol, lega þeirra í hæð og plani er ekki fullnægjandi og svo mætti áfram telja. Ætlunin er að taka mið af vegum þar sem umferð er minni en 150 bílar á dag (ÁDU). Styrking vegarins og burðarþol mun taka mið af algengri umferð um veginn (mjólkurbílar og áburðarflutningar) og þar sem gefa þarf afslátt frá ströngustu gildum veghönnunarreglna, eins og í beygjum og blindhæðum, verður gripið til viðeigandi mótvægisáðgerða. Beygjur verða merktar með leiðbeinandi hraða og með stefnuörvum. Blindhæðir verða málaðar með heildreginni línu. Þær verða merktar með viðeigandi umferðarmerki og leiðbeinandi hraða og þeim jafnvel skipt í einstaka tilvikum. Til greina kemur að lækka hámarkshraða ef hönnunarhraði á öllum veginum er almennt lágur eða ef um stuttan veg er að ræða. Reynt verður að fylgja veghönnunarreglum vegna öryggissvæða utan vegar eftir megni. Breidd þessara vega verði skýr, annað hvort einbreiðir (4 m) eða tvíbreiðir, a.m.k. 6 m. Ekki á að leika vafi á hvort vegurinn er ein- eða tvíbreiður. Með þessum áðgerðum telur Vegagerðin að flýta megi lagningu bundins slitlags á umferðarlitla tengivegi án þess að gengið verði á öryggi þeirra. Þvert á móti telur Vegagerðin að auka megi öryggið með áðgerðunum. Fjárveiting í vegáætlun miðar við að hægt sé að styrkja og leggja bundið slitlag á 20-30 km á ári.

13.04.2011 VAI

- Bundið slitlag
- Þjóðvegir með malarslitlagi
- Framkvæmdir, fyrirhugað
- Framkvæmdir í gangi

Frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Árlega veitir Vegagerðin styrk til rannsóknaverkefna. Styrkirnir eru fjármagnaðir af svonefndu tilraunafé, sem er nú 1,5% af mörkuðum tekjum stofnunarinnar. Velflestum verkefnum lýkur með því að skrifaðar eru skýrslur og eru þær settar á heimasíðu Vegagerðarinnar öllum opnar til skoðunar. Hér á eftir er gerð örstutt grein fyrir efni nokkurra af þeim skýrslum sem komið hafa út, en nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Vegagerðarinnar (www.vegagerdin.is), undir „Upplýsingar og útgáfa / Rannsóknaskýrslur“.

Samanburður á einásabrotstyrk og punktálgagsstyrk borkjarna frá vegganga- og virkjunarsvæðum

september 2009

Rannsóknin var gerð til að finna fylgnistuðul milli einásabrotstyrks og punktálgagsstyrks fyrir mismunandi berggerðir. Niðurstöður benda til, þó frávik mælinga sé mikið, að fylgni milli þessara þátta sé háð berggerð og styrk bergsins. Sett er fram líking fyrir sambandið.

Alvarleg umferðarslys

á höfuðborgarsvæðinu

september 2009

Rannsóknarnefnd umferðarslysa greindi um 70 umferðarslys á höfuðborgarsvæðinu árið 2008. Af þessum 70 slysum voru 25 árekstrar bifreiða og sjö af hverjum tíu þeirra voru á gatnamótum. Algengasta orsök var talin að ökumenn sýndu ekki nægilega aðgát við akstur. Alls hlutu 18 gangandi vegfarendur meiðsl í slysum á höfuðborgarsvæðinu árið 2008. Flestir hinna slósuðu voru 55 ára eða eldri. Helming slyssanna mátti rekja til aðgæsluleysis ökumanna og helming til að gangandi vegfarendur gengu inn á akbraut fyrir bíl. Fjórtán alvarleg bifhjólaslys urðu og í átta af þeim missti ökumaður stjórn á hjólinu og féll í götuna. Í skýrslunni koma fram tillögur til úrbóta.

var styrkingarþörf ganganna í Búðarhálsi skoðuð, en þar er að finna súrt berg sem sjaldgæft er í jarðgangagerð á Ísland. Helstu niðurstöður sýndu að þversnið standast álag miðað við hönnun á styrkingum, en þó þyrfti að rannsaka ákveðin atriði betur t.d. láréttar spennur á svæðinu.



Háannatímalíkan – Framtíðarspá

september 2009

Tilgangur verkefnisins var að þróa umferðarlíkan fyrir háannatíma, í framhaldi af þróun nýs umferðarlíkans höfuðborgarsvæðisins. Háannatímaumferð er sú umferð sem nánast öll hönnun innanbæjar miðar við. Niðurstöður verkefnisins voru að umferðarspár háannatímalíkans eru af svipuðum gæðum og umferðarspár sólhringslíkans. Einnig kemur fram að hægt væri að bæta gæði spáa til dæmis með ítarlegri ferðavenjukönnun. Þá er nefnt að gríðarlega mikilvægt sé að fá upplýsingar um starfajölda í hverjum reit, sem notaður er í líkaninu en til þess eru nokkrar aðferðir mögulegar.



Spá morgunn, 2024

Umferðarslys á höfuðborgarsvæðinu mikil meiðsl og banaslys (2008)



Tunneling in acidic, altered and sedimentary rock in Iceland – Búðarhálsvirkjun

september 2009

Jarðfræði Íslands er sérstök borð saman við jarðfræði heimsins. Aðstæður til jarðgangagerðar á Íslandi eru oft erfiðar, sérstaklega þegar göng innihalda fjölbreytt jarðlög í stafni, grunnvatn, sprungun og innkot. Markmið verkefnisins var að kanna aðstæður til jarðgangagerðar í súru-, ummynduðu- og setbergi. Með aðstoð reiknilíkans

Ferðamannavegir skipulag og fagurfræði – Vaðlaheiðarvegur fyrir ferðamenn?

september 2009

Ferðamannavegir hafa verið skilgreindir sem leið, samsett úr nokkrum vegum, sem tengir saman áfangastaði sem teljast áhugaverðir eða vegir sem byggðir eru frá grunni í landslag þar sem ekki er vegur fyrir. Í verkefninu var Vaðlaheiðarvegur valinn til að skoða aðstæður og finna skilgreiningar sem geta myndað grunn og þannig orðið fyrirmynd við hönnun allra ferðamannavega. Í niðurstöðu verkefnisins kemur fram að það séu góðar forsendur fyrir því að fara í gang með verkefni eins og ferðamannavegi, byggða á íslenskum rótum, sögu og náttúru. Áhugaverðasta aðferðin gæti verið að nota þá vegi sem til staðar eru, því þar liggur sagan sem auðveldar að draga fram atriði sem vekja áhuga ferðamanna auk þess sem hægt sé að varðveita sögu sem liggur í vegagerð og vegamannvirkjum.



Auglýsingar útboða

Þessi auglýsing birtist í síðasta tölublaði en er birt hér að nýju vegna villu í magntölu

Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2011, blettanir slitlaga

11-023

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu, blettanir, á Norðvestursvæði 2011.

Helstu magntölur:

- Yfirlagnir, klæðing,
- blettun (K1), útlögn 135.000 m²
- Hjólafarafylling, (K1), útlögn 20.000 m²
- Kantviðgerðir
- klæðing, (K1), útlögn 20.000 m²
- Verki skal að fullu lokið 1. september 2011.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 11. apríl 2011. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 27. apríl 2011 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Grassláttur á Suðvestursvæði 2011 - 2012

11-007

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í grasslátt á Suðvestursvæði 2011-2012.

Helstu magntölur á ári eru:

- Sláttur 1.127.000 m²
- Kantsláttur 192 km
- Verki skal að fullu lokið 30. september 2012.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 18. apríl 2011. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 10. maí 2011 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Yfirlagnir Norðaustursvæði 2011, klæðing

11-009

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu á Norðaustursvæði.

Helstu magntölur:

- Yfirlagnir 670.000 m
- Flutningur steinefna 10.300 m
- Flutningur bindiefna 1.280 tonn
- Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2011.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði, Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 19. apríl 2011. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 10. maí 2011 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Niðurstöður útboða

Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2011, klæðing

11-001

Tilboð opnuð 12. apríl 2011. Yfirlagnir með klæðingu á Norðvestursvæði 2011.

Helstu magntölur eru:

- Yfirlagnir, klæðing (K1), útlögn 650.000 m²
- Hjólafarafylling, (K1), útlögn 50.000 m²
- Verki skal að fullu lokið 1. september 2011.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	102.477.359	100,0	23.914
2 Borgarverk ehf. Borgarnesi	82.256.000	80,3	3.693
1 Bikun ehf., Reykjavík	78.563.383	76,7	0

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar. **Rautt númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
11-021 Ólafsfjarðarvegur (82), snjófóðavarnir við Sauðanes	2011
11-020 Vetrarþjónusta 2011-2014, Þingeyri - Flateyri - Suðureyri	2011
11-019 Vetrarþjónusta 2011-2014, Brjánslækur - Bíldudalur	2011
11-017 Reykjanesbraut (41) undirgöng við Straumsvík	2011
11-012 Hringvegur (1), Norðausturvegur - Hróteyjarkvísl, styrking og endurbætur	2011
11-011 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2011, malbik	2011
11-013 Styrkingar og yfirlögn á Norðaustursvæði 2011	2011
11-006 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2011, malbik	2011
11-002 Yfirlagnir á Suðursvæði, klæðing 2011	2011
11-003 Yfirlagnir á Suðursvæði, malbik 2011	2011
11-004 Girðingar á Suðursvæði 2011	2011
11-005 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2011	2011
11-008 Yfirborðsmerkingar á Suðvestursvæði og Suðursvæði 2011-2012, sprautuplast og mössun	2011
11-015 Efnisvinnsla á Norðaustursvæði 2011, norðurhluti	2011
11-009 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2011, austurhluti, klæðing	2011
10-012 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2010, Vesturland	2011
11-024 Brú á Þambá (68), viðgerð steypu	2011

Fyrirhuguð útboð, framhald	Auglýst: dagur, mánuður, ár
11-025 Brú á Tunguá (68), viðgerð steypu	2011
11-026 Brú á Hrófá (68), viðgerð steypu	2011
11-027 Brú á Poskafjarðará (60), sandblástur og málun	2011
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
11-007 Grassláttur á Suðvestursvæði 2011-2012	18.04.11 10.05.11
11-009 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2011, klæðing	18.04.11 10.05.11
11-022 Skeiðháholtsvegur	11.04.11 27.04.11
11-023 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2011, blettanir slítlaga	11.04.11 27.04.11
11-014 Efnisvinnsla á Norðaustursvæði 2011, austurhluti	11.04.11 27.04.11
11-018 Vaðlaheiðargöng	28.03.11 03.05.11
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
11-001 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2011, klæðing	28.03.11 12.04.11
11-016 Snæfellsnesvegur (54) um Hafjarðará	21.03.11 05.04.11
10-058 Reykjanesbraut (41) undirgöng við Grænás	07.03.11 22.03.11
10-057 Hringvegur (1) brú á Ystu - Rjúkandi	04.10.10 26.10.10
Samningum lokið	Opnað: Samið
Ekki hefur verið lokið við neina samninga frá því síðasta tölublað kom út.	
Útboð fellt niður	
11-010 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2011, norðurhluti, klæðing (sameinað útboði 11-009)	

Þessi mynd úr safni Geirs G. Zoëga birtist í síðasta tölublaði og var óskað eftir nánari upplýsingum. Fram kom að bíllinn væri með númerið A-724. Gunnar Gunnarsson fyrrverandi flokksstjóri á vélaverkstæði Vegagerðarinnar á Akureyri hafði samband og upplýsti að maðurinn í dökku fötunum væri Magnús Sigurðsson vegaverkstjóri frá Björgum í Hörgárdal og bíllinn hefði verið í hans eigu. Nokkrir bentu á að maðurinn í ljósu fötunum væri líklega Jón J. Víðis mælingamaður. Klara Sv. Guðnadóttir tækni-teiknari hjá Verkís telur að myndin sé tekin innst í Fljótum, litlu innan við Prasastaði og sér í austurhlíðar Hvarfdals. Bíllinn er þá líklega að koma yfir Lágheiði frá Ólafsfirði. Það styður þessa tilgátu að myndin er á filmu í framhaldi af myndum af ferðalagi frá Siglufirði yfir í Fljót um Siglufjarðarskarð. Myndinni fylgir nú merking filmunnar og þar má lesa „jeppinn fastur“ og ekki er ólíklegt að fyrir aftan standi „Prasast.“.

Svo kom reyndar önnur tilgáta um að myndin væri tekin á gamla



slóðanum yfir Víkurskarð, séð til austurs. Það á að vera auðvelt að sannreyna þetta í góðum tómi .